

Fundur í **skipulags- bygginganefnd** Reykhólahrepps
mánudaginn 17. nóvember 2008 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Bogi Kristinsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fundinn.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag, athugasemdir og umsagnir við þær. Þrjár athugasemdir bárust eftir auglýsingu aðalskipulagstillögu. Skipulags- og bygginganefnd mælir með því að hreppsnefnd samþykki tillögur Landmótunar að svörum við þessum athugasemdum, sbr. tölvupóst þeirra dags. 5.nóv.2008.
2. Umsókn dags. 19. október 2008 frá Guðrúnu Þ Árnadóttur um leyfi til byggingar sumarhúss í Hyrningsstaðalandi. Samþykkt með fyrirvara um meðmæli Skipulagsstofnunar.
3. Önnur mál.
 - Umsókn frá Leifi Z. Samúelssyn um framkvæmdaleyfi fyrir nýju vegstæði heim að bænum Djúpadal. Umsóknin samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:45.

Sveinn Ragnarsson (sign)
Eiríkur Kristjánsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Bogi Kristinsson Magnusen (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)